

Námsval 2018-2019



- ❖ Upplýsingar um námsval eru sendar heim til foreldra.
- ❖ Upplýsingar um námsval eru einnig settar á heimasíðu skólans.

Námsval 2018-2019

Gögn sem liggja fyrir vegna námsvals

1. Valbæklingur með upplýsingum um fyrirkomulag námsvals og upplýsingum um hverja valgrein sem boðið er upp á
2. Krækjur inn á tvö valblöð, annað fyrir haustönn og hitt fyrir vorönn. Valið verður rafrænt að þessu sinni.
3. Eyðublað sem foreldrar þurfa að fylla út ef nemandi hyggst velja námsval utan skóla

Nemendur eru vinsamlegast beðnir um að skila námsvali í síðasta lagi 13. apríl.

Námsval 2018-2019



- Mikilvægt er nemendur hugleiði vel hvað þá langar að læra næsta vetur og velji samkvæmt því.
- **Ath. - ekki er víst að hægt verði að breyta námsvali eftir að skóli hefst í haust. Það er lögð áhersla á það við nemendur að val er bindandi Stundum er að vísu hægt að gera breytingar ef óskað er og þá er það gert en stundum er slíkt ekki hægt og þá verður námsvalið að standa.**

Námsval 2018-2019

samanburður við aðalnámskrá



	8.bekkur	9. bekkur	10.bekkur	Samtals	Námskrá
Íslenska	6	6	5	17	15,75
Stærðfræði	5	5	6	16	15
Enska	3	4	4	11	21
Danska	3	4	4	11	
Nátt. /umhverfism	3	3	3	9	9
Sam./krist/trú	3	2	2	7	9
Lífsleikni	1	1	1	3	
Umsjón	1	1	1	3	
Yndislestur	2	2	2	6	
List- og verkgr.				0	8,5
Bundið val list og verk	4	2	2	8	
Uppl.tækni	1			1	2
Íþróttir, líkams...	3	3	3	9	9
Val	2	4	4	12	21,75
Samtals	37	37	37	111	111
					4440 mín

Námsval 2018-2019



- ❖ Kennslustundir í kjarnanámsgreinum eru 31.
- ❖ Hver nemandi þarf því að velja 6 vikustundir af námsvali skólans þ.e. 3 námsgreinar á hvorri önn.

Námsval 2018-2019



❖ 8. bekkur

bundið val 4 kest.

frjálst val 2 kest.



❖ 9. og 10. bekkur

bundið val 2 kest.

frjálst val 4 kest.



Námsval 2018-2019

Atriði sem gott er að hafa í huga þegar valið er

- ❖ Ef árekstur í töflu veldur því að nemandi getur ekki valið það sem hann helst vildi þá er gott að skrifa orðsendingu neðst í rafrænu skráninguna um ítrustu óskir. Það er líklegt að sumar valgreinar verði ekki kenndar þ.e. þær námsgreinar sem fáir velja og að sama skapi munu einhverjir hópar e.t.v. springa og þá er gjarnan brugðist við með því að fjölga hópum í tiltekinni námsgrein. Þessar breytingar geta orðið til þess að hægt verði að uppfylla óskir nemenda þó núverandi uppröðun bendi ekki til þess.
- ❖ Mikilvægt er að nemendur vandi varavalið því það er algengt að nemendur séu settir í varaval þ.e. ef valin námsgrein er ekki kennd.

Námsval 2018-2019



- ❖ Nemandi sem stundar nám í tónlistarskóla dansskóla eða stundar íþróttir í íþróttafélagi getur fengið 2-4 stundir metnar sem námsval.
 - 8. bekkur 2 stundir
 - 9. og 10. bekkur 2-4 stundir
- ❖ Þeir sem velja nám utan skóla fylla út eyðublað sem foreldrar skrifa undir og staðfesta þannig að þeir tryggi að börn þeirra stundi nám utan skóla.

Námsval 2018-2019

Námsval fyrir verðandi 8. bekk

Haustönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í listgreinum og eina til vara (listgrein fyrir haustönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í verkgreinum og eina til vara (verkgrein fyrir haustönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina valgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám utan skóla þarf þá ekki að velja neina námsgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði er að velja frjálst val bæði fyrir haust- og vorönn.

Vorönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í listgreinum og eina til vara (listgrein fyrir vorönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í verkgreinum og eina til vara (verkgrein fyrir vorönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina valgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám annars staðar eða sem valdi stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði fyrir haustönnina þarf ekki að velja frjálst val fyrir vorönnina.

Námsval 2018-2019

Námsval fyrir verðandi 9. og 10. bekk

Haustönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina list- eða verkgrein og eina til vara (list- eða verkgrein fyrir haustönn)
- ❖ Hver nemandi velur tvær valgreinar í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám utan skóla þarf þá ekki að velja nema eina námsgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði er að velja frjálst val bæði fyrir haust- og vorönn.

Vorönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í list- eða verkgrein og eina til vara (list- eða verkgrein fyrir vorönn)
- ❖ Hver nemandi velur tvær valgreinar í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám utan skóla þarf þá ekki að velja nema eina námsgrein í frjálssu vali. Nemandi sem valdi stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði á haustönn valdi frjálst val bæði fyrir haust- og vorönn.
- ❖ Nemandi sem velur tvær námsgreinar utan skóla þarf ekki að velja frjálst val í skólanum.

Nemandi sem velur listgrein að hausti skal velja verkgrein að vori eða öfugt. Hver nemandi þarf að velja hvort tveggja, list- og verkgrein.